

# Eystrahorn

5. tbl. 37. árgangur

Fimmtudagurinn 7. febrúar 2019

www.eystrahorn.is

## Fyrsta íslenska ADVENT námskeiðið



Þriggja landa menntaverkefnið ADVENT (Adventure Tourism in Vocational Education and Training) heldur áfram af fullum krafti. Verkefnið lýtur að því að efla menntunarmöguleika fyrir starfandi aðila í afþreyingarferðaþjónustu og er styrkt af menntaáætlun Erasmus+. Fréttir af gangi mála munu birtast lesendum Eystrahorns reglulega næstu mánuðina, en fjölbreytt námskeið fyrir afþreyingarferðaþjónustuaðila og skóla sem kenna fjallamennsku og aðra útivist verða áfram prufukeyrð á tveggja mánaða fresti fram í janúar 2020.

Það er gaman að geta nú greint frá fyrsta íslenska námskeiðinu sem er þriðja í röðinni af þeim níu námskeiðum sem prufukeyrð verða í verkefninu en nú þegar hefur verið greint frá fyrstu tveimur námskeiðunum á síðum Eystrahorns. Íslenska námskeiðið var prufukeyrt dagana 21. – 25. janúar sl. og snérist um jöklaferðamennsku. Námskeiðið

fékk enska heitið Ice adventure – Planning and Skills sem útlagð sem Ævintýri á ís, skipulag og færni á íslensku.

Hugmyndafræði ADVENT verkefnisins snýst að miklu leyti um að þátttakendur á námskeiðum leggi þekkingu sína og reynslu saman og í gegnum upplifun, æfingar og samræður þátttakendanna verði til námssamfélags sem nýttist öllum jafnt til að auka þekkingu sína og færni. Þátttakendahópurinn samanstendur sem sagt ekki af nemendum og kennurum heldur eru það svokallaðir leiðandi þátttakendur sem stýra námskeiðinu en allir leggja í púkkið. Þeir leiðandi þátttakendur sem héldu utan um þetta námskeið voru Einar Rúnar Sigurðsson frá ferðaþjónustufyrirtækinu Örafæferðum og Sigurður Ragnarsson og Eyjólfur Guðmundsson frá FAS. Þessir aðilar ásamt fleira góðu jökla- og fjalla fólki unnu að grunngerð námskeiðsins, en Einar, Siggí og Eyjólfur leiddu framkvæmdina sjálfa.



Þátttakendur námskeiðsins voru auk leiðandi þátttakendanna þriggja, ferðaþjónustuaðilar og nemendur frá þátttökulöndunum þremur, þrjú frá Skotlandi, tveir frá Finnlandi og einn frá Íslandi.

Námskeiðið stóð í fimm daga þar sem fyrsti og síðasti dagur námskeiðsins fóru í ferðalög á milli Reykjavíkur og Hornafjarðar. Voru þessir dagar vel nýttir m.a. með stoppum við Sólheimajökul og fleiri áhugaverða staði. Lagt var upp úr því að skapa tækifæri fyrir samtöl allra þátttakenda og var þar víða komið við og t.d. rætt um rannsóknir á jökklum og eðli þeirra, skipulag jöklaferðamennsku og sögu hennar, öryggismál, sjálfbærni og margt fleira.

Hópurinn hélt til á Litla-Hofi í góðu yfirlæti og þaðan var haldið á jökul. Farið var á Skaftafells- og Breiðamerkurjökul og þeir báðir nýttir til að kynna mismunandi skriðjökklum með jöklagöngum, íshellaskoðun, næturgistingu og

ísklifri. Einnig var komið við í FAS þar sem málin voru rædd. Þátttakendur voru hæstánægðir með þessa prufukeyrslu og erum við sem að þessu verkefni stöndum þakklát gestunum fyrir framlag þeirra til námskeiðsins.

Fjórða námskeiðið í ADVENT verkefninu verður haldið í Skotlandi í mars þar sem námskeið um leiðsögn og túlkun á vettvangi og hvernig veita má gæðaþjónustu til ferðamanna verður prufukeyrt. Námskeiðið heitir á ensku *Guiding and Interpretation – Quality Service*. Þátttaka í námskeiðum ADVENT eru frábær leið til að byggja undir menntun innan afþreyingarferðaþjónustu á svæðinu og kjörið tækifæri fyrir þátttakendur að bæta við sig reynslu og þekkingu.

Nánar má lesa um ADVENT verkefnið á [www.adventureedu.eu](http://www.adventureedu.eu).

Fyrir hönd ADVENT- teymisins  
Halda L. Hauksdóttir verkefnastjóri

## Æfingar hafnar á næstu leiksýningu FAS og LH

Lista- og menningarafangar FAS og Leikfélag Hornafjarðar, hefur ákveðið að setja upp leikverkið Filamanninn eftir Bernard Pomerance.

Leikritið fjallar um ævi Joseph Merrick sem fæddist á Englandi árið 1862 og var haldinn líkamlegum sjúkdómi sem gerði æsku hans mjög erfiða, honum var hent á milli heimila og loks settur á vinnuhæli þar sem hann dvaldi þar til hann fékk starf í „Freak show“ vegna undarlegs útlits síns.

Einn þekktasti skurðlæknir Bretá á þessum tíma, Frederick Treves, sá hann í lítilli kompu í búð nærri spítalanum og fékk áhuga á þessum sérkennilega manni. Treves skráði ævisögu Merrick's og árið 1978 ritaði Pomerance svo leikritið Filamanninn eftir henni. Leikstjóri sýningarinnar verður Stefán Sturla sem áður hefur sett upp sýningar í Hornafirði og er umsjónarmaður með uppbyggingu Lista- og

menningarviðs FAS.

“Það sem gerir ævi Joseph Merrick athyglisverða, fyrir utan sjúkdóm hans og útlit, var að hann sá allt það góða í öllu, ekki aðeins fólki heldur sjúkdómi sínum líka,” segir Stefán Sturla leikstjóri. “Margir halda að leikritið sýni aðeins sorgarsögu Merrick en svo er ekki. Merrick naut lífsins til fullnustu og líkti því eitt sinn við að vera leikari sem sífellt væri með sýningu. “Stundum held ég að höfuðið á mér sé svona stórt af því að það er svo yfirfullt af draumum,” sagði Merrick eitt sinn.” Stefán Sturla segir verkið búa yfir mikilli breidd, það sé í senn hádramatískt og hlægilegt. Það ætti því að höfða til allra og segir hann boðskap þess eiga mikið erindi í dag.

“Verkið skiptir máli fyrir alla. Í því er verið að fjalla um stöðu manneskjunnar og hræðslu hennar við

það óþekkt, hið ytra og áþreifanlega annars vegar og hins vegar manneskjuna sjálfa, sálina og hvort hægt sé að greina þarna á milli. Þetta er mjög manneskjulegt verk sem fjallar um tilfinningar, skoðanir, ástina og um það hvernig við öxlum ábyrgð og ekki hvað síst hræðsluna við hið óþekkt.”



## Opinn stjórn mála fundur á Hornafirði

Sigurður Ingi Jóhannsson,  
Ásgerður K. Gylfadóttir og Líneik  
Anna Sævarsdóttir boða til opins  
stjórn mála fundar á Cafe Tee í  
Golfskálanum við Silfurnesvöll  
**mánudaginn 11. febrúar kl. 17.00.**

**Allir velkomnir!**



**Áfram veginn – Framsókn!**



## FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELÐRI HORNFIÐINGA

**FÉLAGSVISTIN** hefst í kvöld, fimmtudagskvöld  
7. febrúar kl. 20:00.

Kostar 1000 kr. enginn posi.

Góð verðlaun fyrir hvert kvöld og í heildina.  
Verið með frá byrjun. Næsta kvöld er  
14. febrúar.

Skráning er hafin á fyrirhugað **I-pað/  
spjaldtölvunámskeið** í febrúar.

Haukur í síma 897-8885 og skráningablað í  
Ekrinni.

Smíðastofan er opin eftir gagngera  
yfirhalningu. Velkomin.

## Hreinsun á heyrúlluplasti fer fram 11.-13. febrúar nk.

Vinsamlegast hafið plastið hreint og  
klárt svo það gangi vel fyrir sig.

Frekari upplýsingar eru í  
síma 840-5710, Einar Jóhann.



**Frumherji**

**Bifreiðaskoðun á Höfn**

**18., 19. og 20. febrúar.**

Tímappantanið í síma 570-9090  
fyrir kl. 16:00 föstudaginn 15. febrúar.

Næsta skoðun 8., 9. og 10. apríl.

**Frumherji**

*Þegar vel er skoðað*

**Af tilefni „Dags tónlistarskólanna“  
verður opið hús og tónleikar  
hjá Tónskóla A-Skaft. í  
Sindrabæ laugardaginn  
9. febrúar frá kl. 11.30 - 14.30.  
Gestir geta komið og farið af  
vild á tímabilinu.**



**Allir velkomnir.**



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: ..... tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur.... Guðlaug Hestnes

Umbrot: ..... Tjörvi Óskarsson

Prentun: ..... Litlaprent

ISSN 1670-4126



Sími 588-4477 • www.valholl.is

Höfnaförður - Reykjavík - Snæfellsnes

Snorri Snorrason Þöglgiltur fasteignasali

Sími 478-2000 / 895-2115 • snorri@valholl.is

**Snorri Snorrason**  
lögg. fasteignasali  
Sími: 478-2000  
GSM: 895-2115  
snorri@valholl.is



**KIRKJUBRAUT 42, HÖFN**  
Gott og vel byggt 129,8  
m<sup>2</sup> einbýlishús ásamt 34,4  
m<sup>2</sup>, samtals 164,2m<sup>2</sup>. Stór  
og góð verönd út frá stofu,  
mikið endurnýjað hús  
t.d. eldhús, baðherbergi,  
gólfefni ofl.



**MIÐTÚN 11, HÖFN**  
Fallegt og vandað 135,3 m<sup>2</sup>  
einbýlishús ásamt 30,0 m<sup>2</sup>,  
samaltals 166,1m<sup>2</sup>.  
Stórt miðrymi með kamínu  
og stór verönd út frá  
stofu. Skjólgóður og mikið  
ræktaður garður.



**“GAMLA SUNDLAUGIN Á  
HÖFN”**  
Húsið er skráð safn og  
er 322,4 m<sup>2</sup> sem skiptist  
í 105,1 m<sup>2</sup> hæð, 3,7 m<sup>2</sup>  
stigahús og 213,6 m<sup>2</sup>  
kjallara. Sundlaugarkarið er  
75 m<sup>2</sup>, eða 12,5 m á lengd  
og 6m á breidd.  
*Einstakt tækifæri til að eignast  
þessa sérstöku fasteign.*



## Sumarstörf í Vatnajökulsþjóðgarði

Laus eru til umsóknar eftirfarandi sumarstörf

**Landvarsla** á láglendi- og hálandisstarfsstöðvum í Jökulsárgljúfrum, Öskju/Ódáðahrauni, Krepputungu (Hvannalindir/Kverkfjöll), Snæfelli, Snæfellsstofu á Skriðuklaustri, Lönsöræfum, Gömlubúð á Höfn, Breiðamerkursandi, Skaftafelli, Skaftárstofu á Kirkjubæjarklaustri, Lakagígum, Eldgjá, Hrauneyjum og Nýjadal

**Þjónustufulltrúi** í Jökulsárgljúfrum, Gömlubúð á Höfn og Skaftafelli.

**Verkamenn og ræsting** - í Jökulsárgljúfrum og Skaftafelli/Breiðamerkursandi.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Starfsgreinasambands Íslands.

Umsóknarrestur er til og með 18. febrúar.

**Ítarlegri upplýsingar um störf og leiðbeiningar um umsóknarferli má finna á heimasíðu Vatnajökulsþjóðgarðs**

[www.vjp.is](http://www.vjp.is)

## Líðan ungs fólks

Í dag eru fjölmiðlar uppfyllir af slæmri líðan ungs fólks á Íslandi í dag, sýnt hefur verið fram á að þau eru döpur, þjökud af álagi og streitu. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir vandanum með því t.d. að skima fyrir líðan með listum sem mæla þunglyndi og kvíða.

Fyrstu einkenni margra geðraskana koma fram á barns- eða unglingsaldri og því mikilvægt að beina athyglinni að því að efla geðheilbrigði þessa hóps sérstaklega. Með því getum við komið í veg fyrir alvarlegri einkenni á fullorðisárum og bætt lífsgæði til muna.

Skólar eru kjörinn staður til að ná til þessa hóps með forvörnum og heilsuefingu en samkvæmt reglugerð fyrir heilsugæslustöðvar hafa skólahljúkrunarfræðingar það hlutverk að hafa efirlit með andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu nemenda með því að sinna forvörnum, heilbrigðisfræðslu og heilsuefingu af ýmsu tagi.

Það er mjög mikilvægt fyrir samfélagið í heild að hlúð sé vel að ungu fólki og vinna sett í að efla geðheilbrigði þeirra með það fyrir augum að unga fólkið komi sterkt til leiks á fullorðinsárum.

Í haust var ákveðið að leggja tvo skimunarlista fyrir nemendur Framhaldsskólans í A-Skaftafellssýslu. Fyrri listinn metur kvíðaeinkenni (MASC, Multidimensional Anxiety Scale for Children) og hinn metur þunglyndiseinkenni (CDI, Children's Depression Inventory). Þessi vinna var liður í að efla andlega og félagslega líðan nemenda skólans. Með því að sjá hvernig nemendur hafa það er hægt að bregðast fyrr við og aðstoða þá sem þurfa. Einnig er þessi fyrirlögn liður í að efla nemendur til þess að huga að heilsu og heilbrigði og taka sjálfa ábyrgð þegar kemur að þessum þáttum.

Við fyrirlagningu listanna var skriflegt leyfi fengið frá foreldrum unglunga 18 ára og yngri.

Í kjölfarið var svo ákveðið að kynna og ræða við alla nemendur um niðurstöðurnar og fræða þau og spjalla um kvíða og þunglyndi og finna þau skref sem hægt er að taka til sjálfshjálpar og eða fagaðstoðar. Það er mjög mikilvægt að nemendur taki ábyrgð á heilsu sinni og heilbrigði og með aukinni fræðslu, hvatningu og stuðningi er von til þess að svo verði. Auk þess er öll umræða til góðs og minni líkur á fordómum gangvart geðröskunum eins og kvíðaröskunum og þunglyndi ef talað er opinskátt um málin. Það er skemmt frá því að segja að þessi vinna hefur skilað okkur heilmiklu án þess að farið sé nánar út í það hér.

### En hvað er til ráða og hvað getum við gert sjálf?

Hreyfing hefur jákvæð áhrif á geðheilsu okkar og stuðlar að jákvæðri líðan. Holl og góð næring heldur okkur í jafnvægi og almenn líðan er betri. Svefn er mjög mikilvægur fyrir þroska, líðan og úrvinnslu og talað er um að unglingar þurfi að sofa u.þ.b. 9-10 klst á sólarhring. Samvera, tengsl og stuðningur frá öðrum er okkur mannfólkinu mikilvægur og getur haft mikil áhrif á það hvernig okkur líður. Það þarf að huga að álagi. Er unga fólkið okkar að vinna of mikið meðfram því að vera í fullu námi? Er tölvan og snjalltækin að taka of mikinn tíma? eru félagslegsleg tengsl litil? eru þau að setja sér raunhæf markmið?

Við höfum sjálf mikið um það að segja hvernig okkur líður og þurfum að hugsa um að taka ábyrgð sjálf, láta vita ef okkur líður illa og ræða hlutina. Við sem foreldrar og forráðamenn þurfum líka að vera tilbúin að styðja og hvetja krakkana og unga fólkið okkar áfram, sýna því skilning og áhuga ásamt því að vera góðar fyrirmyndir.

Að endingu vil ég segja að við eigum algjörlega frábæra krakka og unglunga, ég er svo heppin að umgangast þau mikið í mínu starfi og sé hvað þau eru að gera góða hluti. En við þurfum að vera duglegri við að segja þeim hvað þau eru dugleg og flott.

Framtíðin er mjög björt.

*Ragnheiður Rafnsdóttir skólahljúkrunarfræðingur*

*Grunnskóla Hornafjarðar og Framhaldsskólans í A-Skaftafellssýslu.*

## SÚPUFUNDUR

laugardaginn 9. febrúar

kl. 11:00-13:00 í

Sjálfstæðishúsinu.

Við tökum vel  
á móti þér!

D

## HULDUMEYJAR OG ÍTALSKAR PRÍMADONNUR

TÓNLEIKAR Í HAFNARKIRKJU  
SUNNUDAGINN 17. FEBRÚAR KL. 17:00

BERGLIND EINARSDÓTTIR SÓPRAN OG  
GUÐLAUG HESTNES PIANOLEIKARI  
FLYTJA FJÓLBREYTTA SÖNGDAGSKRÁ.

ÞJÓDLÖG, ÞEKKTAR ÍSLENSKAR  
SÖNGPERLUR, SÖNGLEIKJALÖG OG  
ARÍUR ERU MEÐAL ÞESS SEM BOÐIÐ  
VERÐUR UPP Á.



AÐGANGSEYRIR KR. 1.500-  
(enginn posi)



## Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur  
velkomnir í hópinn.

HLS ehf.  
Rnr. 0537-14-409068  
Kt. 500210-2490

# Í þágu samfélagsins

Efast um að nokkur sé í vafa um mikilvægi Slysavarnarfélagsins Landsbjargar á landsvísu, og hve mikils virði það er að starfandi séu þrjár sveitir í Sveitarfélaginu Hornafirði, Björgunarsveitin Kári í Öraefum, Slysavarnardeildin Framtíð og Björgunarfélag Hornafjarðar. Síðustu ár og misseri hafa sýnt fram á öflugt starf þessara eininga, sem og fórnfýsi og sérfræðilækkingu þess fólks sem þar starfar í sjálfböðavinnu.

Unnið hefur verið markvisst að uppbyggingu, meðal annars þar sem tækjakostur hefur verið eflur hjá Björgunarsveitinni Kára í Öraefum með margvíslegum hætti, og sannað að þörf var á, en hefur Björgunarfélag Hornafjarðar og Slysavarnardeildin Framtíð um leið unnið að greiningarvinnu um framtíðarþarfir fyrir sína starfsemi.

## Söfnun

Slysavarnarfélögin eru, sem áður segir, unnin í sjálfböðavinnu. Fyrir liggur að þarft er að stækka húsnæði félagsins á Höfn, og er því hér sleginn fyrsti tónninn í upphafi að söfnun til styrktar Björgunarfélagi Hornafjarðar og Slysavarnardeildarinnar Framtíðar.

Söfnunin er fyrsti liður í því uppbyggingarstarfi sem þarft er að hefja og um leið stefnt að því að efla innviði og vonandi fjölga fólki sem hefði áhuga á því að starfa innan björgunarsveita. Allur ágóði sem safnast mun nýttur fyrir svæðið okkar, bæði til að stækka húsnæði þegar ákvörðun um fyrirkomulag liggur fyrir, sem og tækjabúnað eftir aðstæðum og árangri söfnunar. Stofnaður verður sér sjóður og ástæða þess er einfaldlega

sú að mikilvægt er að tryggja að ekki komi rask á félög sem rekin eru í sjálfböðavinnu, og rekstrarkostnaður áfram tryggður, en dýrt er að halda uppi slíkri þjónustu.

Slysavarnarfélögin eru mikilvægur hlekkur í almannavörnum, sem og í öllu viðbragði er varðar aðstoð, leitir, umferðarslys, forvarnir og má lengi enn telja. Þegar aðrir leita skjóls fara björgunarsveitir út til aðstoðar, og því er gríðarlega mikilvægt að samfélagið standi á bakvið þá sem gefa sig í þetta starf og sýni í verki þann stuðning.

Sjálf söfnunin mun verða til þriggja ára og útfærð á ýmsa vegu, en í tilefni þess verður opið hús í Björgunarsveitarhúsi við Álaugarveg 9 á Höfn, **sunnudaginn 10. febrúar 2019 frá kl. 14 – 18**. Munum við einnig kynna verkefni söfnunar á Fésbókar síðu sem verður stofnuð, auk þess sem við munum nýta okkur Eystrahorn.

Vonum við að einstaklingar, félög, fyrirtæki og stofnanir, taki þátt í að styðja við bakið á söfnuninni „Í þágu samfélagsins“ og taka vel á móti fólkinu okkar þegar eftir er leitað.

*Kær kveðja,*

*Björgunarfélag Hornafjarðar og Slysavarnardeildin Framtíð*



## Ertu með frábæra hugmynd? opnað hefur verið fyrir umsóknir í Uppbyggingarsjóð

**1 Menningarverkefni**  
Uppbyggingarsjóður styrkir menningarstarfsemi og listsköpun á Suðurlandi

**2 Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni**  
Uppbyggingarsjóður styrkir atvinnuskapandi og/eða framleiðniaukandi verkefni á Suðurlandi

**Starfandi fyrirtæki eru sérstaklega hvött til að sækja um**



### RÁÐGJÖF UM ALLT SUÐURLAND

Ráðgjafar eru á starfsstöðvum um allt Suðurland. Umsækjendur eru hvattir til hafa samband við ráðgjafa á vegum SASS og fá aðstoð við gerð umsókna. Nánari upplýsingar á vef SASS.

**Umsóknarfrestur er til kl. 16:00 þann 5. mars 2019**

@ STYRKIR@SASS.IS

WWW.SASS.IS

S. 480-8200

Uppbyggingarsjóður er hluti af

**SÓKNARÁETLUN  
SUÐURLANDS**

## Frá Tónskóla A-Skaft.



N.k. laugardag, 9. febrúar, er dagur tónlistarskólanna. Í því tilefni munu tónlistarskólar um allt land halda daginn hátíðlegan. Tónskóli A-Skaft. mun vera með opið hús frá kl. 11.30 – 14.30. Sindrabær verður opinn fyrir gesti og gangandi sem geta kynnt sér starfsemi tónskólans og hlustað á nemendur leika á hljóðfæri sín, en það mun verða standandi tónleikar í salnum allan tímann. Kl. 13.00 – 13.30 er dagskrá, sérstaklega tileinkuð forskólabörnum og þá sem vilja kynna starfsemi og hljóðfærunum nánar. Gestir geta komið og farið að vild á tímabilinu.

### Framtal 2019

Verð ytra í vetur svo þeir er óska aðstoðar vegna framtals geta haft samband í síma 867-4441 eða [jonsi@vidanetmail.hu](mailto:jonsi@vidanetmail.hu). Einnig má koma skilaboðum til Gísla, S: 478-1776 – Hafnarbraut 35-. Þetta ætti að skriða af stað snemma í mars.

**Jón Gunnar Gunnarsson**  
(Erl. sími: 00 361 214 1837)

# FÓTAAÐGERÐIR FÓTAAÐGERÐIR

Verð á Höfn í Ekrinni  
mánudaginn 18. febrúar  
til miðvikudagsins 20. febrúar

**Pantanir í síma 8 200 593**

Kær kveðja, Edda Lára Guðgeirsdóttir  
lögg. fótaaðgerðafræðingur



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**

**Ertu grunn-eða leikskólakennari og langar að breyta til?**

Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir eftir starfsfólki í samrekinn leik- og grunnskóla í Hofgarði í Örafum. Örafi liggja undir rótum Vatnajökuls í rúmlega klukkustundar akstursfjarlægð frá Höfn. Þar fer gott samfélag, og fer ört vaxandi með tilheyrandi þörfum fyrir grunnþjónustu við barnafjölskyldur.

**Eftirfarandi störf eru laus til umsóknar:**

#### Starf Skólastjóra

##### Starfssvið

- Skólastjórnun og fagleg forysta í grunn- og leikskóla.
- Vinna að framsækinni skólaþróun í fámennum skóla.
- Leiða samstarf starfsmanna, nemenda og fjölskyldna barna í Örafum.

#### Menntun og hæfniskröfur

- Grunnskólakennaramenntun.
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar er æskileg.
- Starfsreynsla af kennslu og öðrum störfum í grunnskóla.
- Metnaður og sjálfstæði í starfi góð skipulags- og samskiptahæfni, sköpunarkraftur.

#### Starf deildarstjóra í leikskóla

##### Starfssvið

- Helstu verkefni deildarstjóra, eru í samræmi við starfslýsingu í kjarasamning FL og í samráði við skólastjóra.

##### Hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun eða önnur uppeldismenntun.
  - Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum með ungum börnum æskileg.
- Launakjör eru samkvæmt viðeigandi kjarasamningi stéttarfélags og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Umsóknarfrestur er til 1. mars n.k.

Nánari upplýsingar veita Magnhildur Gísladóttir skólastjóri í síma 618-6563 og Ragnhildur Jónsdóttir fræðslustjóri í síma: 470- 8000. Umsóknir sendist á netfangið [ragnhildur@hornafjordur.is](mailto:ragnhildur@hornafjordur.is).



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



## ATVINNA

Auglýst er eftir karlkyns sunnlaugarverði við Íþróttamiðstöð Hornafjarðar.

Um er að ræða 51% starf til framtíðar. Æskilegt að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.

Starfstími er í samræmi við vaktatöflu.

#### Helstu verkefni:

Afgreiðsla, þrif og almennt eftirlit með gestum og húsinu.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Launafndar Sveitarfélaga við FOSS.BSRB og Afl Starfsgreinafélag. Frekari upplýsingar um starfið veitir forstöðumaður Íþróttamiðstöðvar, sími 899-1968.

Netfang: [www.gunnaringi@hornafjordur.is](mailto:www.gunnaringi@hornafjordur.is)

Umsóknarfrestur er til 15. febrúar. 2019.

Gunnar Ingi Valgeirsson

Forstöðumaður Íþróttamannvirkja Hornafjarðar.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

# Á réttri leið

Hittumst á þínum heimavelli og ræðum það sem skiptir máli

Hlökkum til að sjá þig:

Höfn í Hornafirði  
Hótel Höfn  
13. febrúar  
16:30

Hringferð þingflokks Sjálfstæðisflokksins 2019 → [xd.is](http://xd.is)

D

